

laga nr. 23 16. júní 1941. Þá þykir sannað með framburðum lög-
reglumannanna, að kærði hefur ekið bifreiðinni of hratt og ógæti-
lega og tekið ranga beygju úr Lækjartorgi upp í Bankastræti. Varðar
sú háttsemi hans við 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaganna, 6.
gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941, sbr. 1. mgr. 31. gr., 32. gr. og
46. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.
Hins vegar er ósannað, að fóthemlar bifreiðar kærða hafi verið
óvirkir. Refsing kærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Þá ber samkvæmt 39. gr. áfengislaganna og bifreiðarlaganna að
svipta kærða bifreiðarstjóraréttindum í 3 mánuði frá birtingu dóms
þessa.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með
talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Garðars Þorsteins-
sonar hrl., krónur 150.00.

Málið hefur verið rekið vítalaut.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Jón Sigurðsson Erlendsson, sæti varðhaldi í 10
daga.

Hann skal sviptur bifreiðastjóraréttindum í 3 mánuði frá
birtingu dóms þessa.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-
varnarlaun skipaðs verjanda síns, Garðars Þorsteinssonar hrl.,
krónur 150.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 22. febrúar 1946.

Nr. 118/1945. Björn Pálsson (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Guðmundi Sigurðssyni. (Enginn).

Ómerking.

Dómur hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur
kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Stefndi hefur ekki komið fyrir dóm né nokkur af hans
hendi, enda þótt honum sé löglega stefnt. Hefur málið því
verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. laga nr.
112/1935, og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Mál þetta kom fyrst fyrir fúgetadóm 1. júní 1945, og

sótti áfrýjandi, sem krafizt hafði gerðarinnar, þá þing svo og gerðarþoli, stefndi í málinu. Á því dómþingi var málinu frestað, og næsti þingdagur ákveðinn 22. júní s. á. Þegar þing skyldi heyja þann dag, kom áfrýjandi ekki fyrir dóm og enginn af hans hendi. Var þó eigi kunnugt um lögmæt forföll hans. Þrátt fyrir þetta hélt fógeti áfram gerðinni og kvað upp úrskurð í málinu 23. s. m. andstætt ákvæðum 1. mgr. 118. gr. og 2. tölulið 119. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 223. gr. sömu laga, en samkvæmt nefndum lagaboðum ber að hefja mál, er sækjandi kemur eigi fyrir dóm í síðari þinghöldum.

Af þessum sökum verður að ómerkja meðferð málsins í héraði og hinn áfrýjaða úrskurð.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Meðferð málsins í héraði og hinn áfrýjaði úrskurður eiga að vera ómerk.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Húnavatnssýslu 23. júní 1945.

Gerðarbeiðandi, Björn Pálsson, bóndi Ytri-Löngumýri, Svínvatnshreppi, telur sig hafa misst silfurrefsafbrigði (White face) úr refagarði sínum á síðastliðnum vetri, sem svo hafi verið skotin af gerðarþola, Guðmundi Sigurðssyni, Leifsstöðum, við fjárhús að Bollastöðum í Blöndudal, þar sem hann var farinn að ganga eftir æti. Er talið, að dýrið hafi verið skotið 29. janúar, en hvenær það slapp, er óupplýst, og ber mikið á milli. Gerir gerðarbeiðandi kröfu til þess, að skinnið af refnum verði tekið með fógetagerð úr vörzlu skotmannsins og afhent sér sem eiganda þess, enda sanni merki það, er á refnum var, eignarrétt hans á dýrinu, alveg á sama hátt sem um sauðkind eða hross væri að ræða.

Gerðarþoli kveðst hafa skotið refinn sem hvern annan villiref og neitar að afhenda skinnið, sem hann telur sína réttmætu eign, nema að greitt sé fullt verð samkvæmt mati.

Enginn ágreiningur virðist vera um það, að hið umdeilda skinn sé af ref þeim, er gerðarbeiðandi missti úr haldi. Velta því úrslit málsins á því, hvort gerðarbeiðandi verði talinn eigandi dýrsins, og þá einnig skinnsins, eftir að það slapp úr haldi og gerðist villirefur.

Gerðarbeiðandi vísar til merkis þess, sem var á dýrinu, og telur, að það helgi honum dýrið, á sama hátt og venja er um búfé. Á þetta getur fúgetarétturinn ekki fallizt. Mark er sett á búfé, til þess að hægt sé að lesa það úr öðru búfé sams konar, þótt það gangi saman í heimahögum eða á afrétt. Búfé má leita uppi og draga sundur í rétt, svo að segja, hvenær sem menn óska. Refir geta hlaupið landshorna á milli á örstuttum tíma og verða yfirleitt ekki fundnir með leit og því síður reknir til réttar. Vegna tjóns þess, sem þeir geta valdið, liggja sektir við að sleppa þeim úr haldi, og valdi þeir sannanlegu tjóni, ber þeim að bæta það, sem missti þá úr haldi. En slík bótaskylda er ekkert sérkenni eignarréttar, heldur einnig vörzlu almennt. *Og merki á eyrum loðdýra er ekki eignarmark heldur ættarmerki.* Almennt er viðurkennt, að islenzkur refur, sem sleppur úr haldi, taki þegar upp háttu villtra kynbræðra sinna og verði fljótt óþekktanlegur frá þeim. Slíkt dýr verður því einnig að teljast villt og réttdræpt hverjum þeim, sem vill og getur ráðið því bana, og eignarréttur til dýrsins dauðs virðist hljóta að vera hinn sami sem til venjulegs villirefs. Villtur fugl í hendi manns, sem hefur handsamað hann, verður ekki af honum tekinn. Hann er eign hans. En missi hann fuglinn, á hann þess engan kost að gera eignarrétt sinn gildandi lengur og getur ekki helgað sér hann úr hendi skotmanns, jafnvel þó hann væri merktur. Silfurrefir munu að vísu leita frekar en islenzkir refir að bústöðum manna til að leita fanga, fyrst eftir að þeir sleppa úr haldi. Þó hefur opinberlega verið sagt frá silfurref í Þingeyjar-sýslu, sem lagði lag sitt við islenzkan villiref og átti greni með honum. Hér virðist því nánast um örlitinn stigmun að ræða, en ekki eðlismun. Ef játa á manni eignarrétti að silfurref, sloppnum úr haldi, verður einnig að játa eignarrétti að islenzkum ref, sloppnum úr haldi, jafnvel þó hann hafi árum saman lifað villtur sem grenlægja. Þá ber og þess að gæta, að allar þær ráðstafanir, sem í lögum um loðdýrarækt er gert ráð fyrir, að gerðar séu til þess að ná aftur sloppnum refum, eru augljóslega miðaðar við það, að tjón hljótist ekki af dýrinu, án tillits til þess, þótt verðmæti dýrsins fari forgörðum.

Samkvæmt framansögðu litur rétturinn svo á, að frjáls refur sé villtur refur, alveg án tillits til þess, hvort refurinn er merktur ættarmarki eða ekki. En af því leiðir, að slíkur refur verður að teljast eign þess, er veiðir hann.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna fúgetagerð á ekki að njóta framgangs.